

Valgrein: Sjónlistir - Myndmennt

8.-10. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund á viku yfir heila önn

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara, efni, áhöld og bækur í kennslustofu og efni af netinu

Kennsluaðferðir og skipulag: Útlistunarkennsla - Sýnikennsla og stuttir fyrirlestrar, verklegar æfingar.

Námsmat: Símat og leiðsagnarmat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Útilistaverk: Samfélagsleg tenging	Kynning um veggverk (murals), ýmis teikni áhöld og blöð, málning og penslar	valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni,	Að vinna saman í hóp að veggmynd sem sendir jákvæð skilaboð út í samfélagið
Listasaga: Stefnur	Ýmsar listasögubækur, efni af netinu, fjölbreyttur efniviður eftir því sem nemandi þarf	- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni, - sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal, - gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu, - greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.	- Að geta aflað sér helstu upplýsinga um ákveðna listastefnu - Að geta unnið verk út frá einkennum listastefnunnar og sýnt frá vinnuferlinu - Að getað vaið þá aðferð sem hentar því verki sem á að vinna - Að geta kynnt listastefnuna sem var aflað upplýsinga
Listasaga: Samtímalist	Kynning um samtímalist, ýmiskonar pappír, málning, penslar, blýantar, skæri	- greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina, - valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni,	- Að skilja hvað samtímalist er og hvernig hún tengist samfélaginu - Að vinna í hóp að sameiginlegu verki tengt samtímalist - Vinna verk með fjölbreyttum efnivið

Ég get haft áhrif: plakat unnið í Canva	Tölvur (unnið í canva), prentari.	- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun, - tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið, - greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu, - gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,	- Að geta unnið verk á stafrænu formi - Að vinna verk sem byggir á eigin gildismati og skoðunum - Að vinna verk sem byggir á sjónrænum táknum og litum. - Að skilja hvernig sjónrænir miðlar hafa áhrif á okkur og samfélagið
Fjölbreyttar teikniæfingar	Bók: Ég sé með teikningu Ýmiskonar teikniáhöld t.d. blýantar, kol og blek.	greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun,	- Að prufa ólíkar aðferðir við teikningu - Að þjálfra tengingu hugar og handar